

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

22.09.2004

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

UPPSKERU-
HÁTÍÐ 1VIÐHORFSKÖN-
NUN 1SAMSKIPTI
ÍBÚA, AÐSTAN-
DENDA OG
STARFSFÓLKS 2ÖRYGGIS-
REGLUR 3BÓLUSETNING
GEGN 3

INFLUENZU

FRÆÐSLAN Í
VETUR 3GUD-
ÞJÓNUSTUR 4VIÐ LEGGJUM
ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan í fyrirrúmi
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

UPPSKERUHÁTÍÐ

Ljómandi uppskera hefur verið í Sóltúni. Búið er að taka upp síðustu kartöflurnar. Berjaspretta var góð og gerðar voru sultur og hlaup. Rófur, salat og fleira góðgæti kom einnig úr görðunum.



VIÐHORFSKÖNNUN

Á næstu vikum mun fara fram okkar árlega viðhorfskönnun meðal íbúa og aðstandenda. Niðurstöður hennar eru notaðar til að endurskoða starfið og er því mikilvægt að sem flestir svari.

Könnunin er ekki rekjanleg til einstaklinga og á að skila henni í rauða póstkassann við móttöku Sóltúns.

SAMSKIPTI ÍBÚA, AÐSTANDENDA OG STARFSFÓLKS

Umhyggja, traust og gagnkvæm virðing eru lykilatriði í öllum samskiptum. Í Sóltúni starfa 200 starfsmenn, og koma á hverju sumri 50-60 til viðbótar til sumarafleysinga. Íbúar eru 92, og eiga þeir mörg hundruð aðstandendur. Mikil samskipti fara því fram á heimilinu og eru þau í langflestum tilvikum til fyrirmyndar og lífsgleði.

Starfsfólki ber að fylgja stefnu Sóltúns varðandi umönnun og þjónustu. Miðar hugmyndafræðin að því að veita bestu þjónustu sem völ er á. Jafnframt hefur Sóltún stefnumörkun í starfsmannamálum s.s. starfsmannastefnu, jafnréttisáætlun, fjölskyldustefnu, heilsuefingarstefnu og stuðningsteymi. Markmið Sóltúns er að vera aðlaðandi vinnustaður.

Ráðríki fárra einstaklinga hvort sem þeir koma úr röðum starfsfólks, aðstandenda eða íbúa getur valdið erfiðleikum í samskiptum og skapað þeim sem fyrir verður óþarfa sársauka. Mikil samkeppni er um hæft starfsfólk til starfa við umönnun og verður heimilið að leggja sig fram um að vanda valið við ráðningu og að mannaskipti séu sem minnst. Allir þurfa að átta sig á því að besta þjónustan sem völ er á að veita á hverjum tíma, byggist á hæfni starfsfólksins. Sóltún hefur sem betur fer verið lánsamt með starfsfólk, og hafa mannaskipti verið með minnsta móti í samanburði við aðrar heilbrigðisstofnanir.

Leiðinda framkoma fárra einstaklinga má ekki verða til þess að hrekja starfsfólk úr starfi. Í öllum mannlegum samskiptum er gagnkvæm krafa um kurteisi, óháð hlutverki, kyni, litarhætti, eða aldri. Fyrir íbúa Sóltúns og starfið allt, skiptir miklu máli að starfsfólk, íbúar og aðstandendur standi vörð um góð og uppbyggjandi samskipti.

Anna Birna Jensdóttir
hjúkrunarforstjóri



Einræður Starkaðar –brot-

**Eitt bros—getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.**

Þel getur snúizt við atorð eitt.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

**Svo oft leyndist strengur í brjósti sem brast
við biturt andsvar, gefið án saka.**

**Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.**

Eftir Einar Benediktsson 1864-1940

ÖRYGGISREGLUR

Eitthvað hefur borið á því að íbúar og aðstandendur hafi sett upp stórrisa (innri gardínur) í íbúðum. Vegna ákvæða í brunavarnareglugerð er ekki heimilt að setja upp aðrar gardínur en fylgja íbúðinni. Heimilið er með sérstaklega eldtefjandi gardínuefni til að tryggja öryggi. Ef þessum reglum er ekki fylgt getur það haft refsíáhrif fyrir heimilið.

Bólusetning gegn influenzu

Íbúum og starfsfólki Sóltúns verður boðið upp á bólusetningu gegn influenzu á næstu vikum. Sóttvarnarlæknir ráðleggur öllum sem eru eldri en 60 ára og starfsfólki heilbrigðisþjónustu að láta bólusetja sig.

FRÆÐSLAN Í VETUR

Fræðslunefnd hefur sent frá sér fræðsludagskrá fram að áramótum. Fræðslufundir eru á miðvikudögum kl. 13.30 í fræðslusal. Þeir eru opnir starfsfólki, íbúum og aðstandendum og verða auglýstir hverju sinni. Sérstakt námskeið verður fyrir starfsfólk miðvikudaginn 22. september kl. 13.30-16.00 undir yfirskriftinni „Næring fyrir líkama og sál“.

Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti um uppkomur í Sóltúni. Þeir þurfa að gefa upp tölvupóstfang, nafn og nafn þess íbúa sem þeir tengjast í móttöku Sóltúns 1.hæð.

ÖLDUNGUR HF.

Sóltún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 590 6000
Bréfsími: 590 6001
Tölvupóstfangl: soltun@soltun.is

Öldungur hf. opnaði hjúkrunarheimilið Sóltún 7. janúar 2002. Heimilið hefur þjónustusamning við ríkið um rekstur til næstu 25 ára. Íbúar heimilisins eru 92. markmið Sóltúns er að veita íbúum sínum bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á, á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur. Allir þættir varðandi hönnun húsnæðis og val á hús- og tækjabúnaði hefur miðast við það. Sóltún tekur þátt í að mennta fagfólk innan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við menntastofnanir.



Guðþjónustur verða sem hér segir:

19.september í Sóltúni

10. október í Sóltúni

7. nóvember í Laugarneskirkju

8. desember verður aðventustund fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra í Laugarneskirkju

24.desember í Sóltúni



Fyrsta golfmót starfsfólks í Sóltúni fór fram á Bakkakotsvelli 13. september. Áformað er að halda tvö mót á næsta ári.

Aðstandendur eru kvattir til að koma í guðþjónusturnar með íbúum og starfsfólki Sóltúns.